

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á ekki að fara fram.

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 8/1956. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

Arnari Guðmundssyni (Gústaf A. Sveinsson)

og

Gísla Sveinbirni Magnússyni

(Benedikt Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 106. og 218. gr. laga nr. 19/1940, áfengislögum nr. 58/1954 og lögreglusamþykkt Ísafjarðar nr. 12/1949.

Dómur Hæstaréttar.

Fulltrúi sakadómara, Halldór Þorbjörnsson, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með atferli því, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði Arnar brotið gegn þeim ákvæðum laga og lögreglusamþykktar, sem héraðsdómari greinir, og eru ekki efni til að dæma ákærða Arnar fyrir brot á þeim öðrum ákvæðum lögreglusamþykktarinnar, er getur í ákæruskjali. Þykir mega staðfesta ákvæði dómsins um skilorðsbundna refsingu þessa ákærða.

Atferli ákærða Gísla Sveinbjörns er réttilega lýst í héraðsdómi, og hefur hann með því brotið gegn þeim ákvæðum lögreglusamþykktar og hegningarlaga, sem héraðsdómari vitnar til. Þegar lítið er til þess, hversu brot ákærða Gísla Sveinbjörns gegn greindum ákvæðum hegningarlaga eru stórfelld, svo og þess, sem fram er komið um sams konar atferli hans fyrr á árinu 1954, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um réttindasviptingu

ákærða Gísla Sveinbjörns svo og um greiðslu sakarkostnaðar.

Hvor hinna ákærðu greiði málf lutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, greiði ákærði Gíslí Sveinbjörn einn að hálfu, en hinn helminginn greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Gíslí Sveinbjörn Magnússon sæti fangelsi 18 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði Arnar Guðmundsson greiði málf lutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1800.00.

Ákærði Gíslí Sveinbjörn Magnússon greiði málf lutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1800.00.

Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00, greiði ákærði Gíslí Sveinbjörn einn að hálfu, en ákærðu in solidum að hálfu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. nóvember 1955.

Ár 1955, föstudaginn 25. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5667—5668/1955: Ákærvaldið gegn Arnari Guðmundssyni og Gísla Sveinbirni Magnússyni, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Með ákæruskjali, dags. 13. maí s.l., eru Arnar Guðmundsson háseti, Sólvallagötu 70, og Gíslí Sveinbjörn Magnússon háseti, Efstasundi 51, ákærðir fyrir að hafa gerzt sekir um óspektir og ölvun á almannaferi og ofbeldi við opinbera starfsmenn í skyldustarfi samkvæmt 1. gr., 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 12/1949, 21. gr. áfengislaga nr.

58 frá 1954 og 106. gr., 1. og 3. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og, að því er Gísli varðar, líkamsárásir samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 með því að vera ölvaðir og með óspektir á götum Ísafjarðarkaupstaðar, sérstaklega við dyr Gagnfræðaskóla Ísafjarðar, aðfaranótt 1. desember 1954, milli kl. 1 og 2, og ráðast þar að lögreglumönnum Halldóri Jónmundssyni og Jóni Finnssyni og aðstoðarmanni þeirra, Jóni A. Jóhannssyni, er þeir ætluðu að fjarlægja þá, og verjast með handaflí, að þeir framkvæmdu skyldustarf sitt, og, að því er Gísli Sveinbjörn Magnússon varðar sérstaklega, að veita Jóni Finnssyni lögreglumanni mikla líkamsáverka, á höfði aðallega, nefbrot og kjálkabrot, heilahristing, blæðingar og mör og brot á vinstra augnahafti, svo og að veita Halldóri Jónmundssyni áverka á höfuð með fótsparki, þannig að sprakk fyrir á vinstri kinn og orsakaði bólgu fyrir neðan augað.

Ákærist því nefndur Gísli Sveinbjörn Magnússon til að sæta refsingu samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga og báðir hinir ákærðu, Gísli Sveinbjörn og Arnar Guðmundsson, til að sæta refsingu samkvæmt 106. gr. almennra hegningarlaga, 99. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað og 44. gr. áfengislaga, til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Arnar Guðmundsson, sem fæddur er í Bolungavík 1. október 1931, hefur sætt þessum refsingum:

Í Reykjavík:

1953 27/4 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.

1954 24/2 Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

Ákærði Gísli Sveinbjörn, sem fæddur er 17. apríl 1936, hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

1949 8/12 Uppvís að hlutdeild í hnupli.

1950 21/9 Rvík. Áminning fyrir brot á 2. mgr. 71. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1951 16/9 Rvík. Áminning vegna óknytta.

1953 18/10 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1954 29/7 500 kr. sekt, 1300 kr. skaðabætur, fyrir brot á áfengislögum, óspektir og mannskemmdir.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 30. nóvember f. á. síðdegis kom b/v Marz í höfn á Ísafirði. Ákærðu voru þá báðir hásetar á skipinu. Um kvöldið neyttu þeir báðir áfengis, að því er virðist bæði um borð í skipinu og á veitingahúsi í bænum, Uppsölum. Nokkru eftir að veitinga-

húsinu hafði verið lokað eða sennilega nokkru eftir miðnætti komu ákærðu báðir ásamt þremur öðrum skipsfélögum sínum, Brynjólfi Gunnari Halldórssyni, Magnúsi Stefánssyni og Jóni Valdemar Jónssyni, að Gagnfræðaskólahúsinu, en þar höfðu þeir frétt, að dansleikur væri. Knúðu þeir dyra, en fengu þau svör, að dansleikurinn væri einungis fyrir nemendur skólans, og var þeim eigi hleypt inn. Eftir stutta stund hurfu þeir burtu og til skips Brynjólfur, Magnús og Jón Valdemar, en ákærðu urðu eftir. Um kl. 1.30 hringdi skólastjórinn, Guðjón Kristinsson, til lögreglunnar og bað um aðstoð. Komu nú á vettvang tveir lögregluþjónar, Halldór Jónmundsson og Jón Kristinn Finnsson, og bjuggust þeir til að fara með ákærðu frá dyrum hússins. Kom nú til mikilla átaka þarna, og í þeim hlaut Jón Kristinn Finnsson stórfelld meiðsli, er síðar verður greint frá. Verður nú að rekja framburði ákærðu, lögregluþjónanna og sjónarvotta hvern í sínu lagi.

Ákærði Arnar Guðmundsson skýrir svo frá, að hann hafi verið mjög drukkinn, er þetta gerðist, og muni hann óljóst eftir því, sem gerðist þarna. Hann segist þó muna, að lögregluþjónarnir hafi sagt þeim félögum að fara um borð, en hann kveðst hafa maldað í móinn, enda ekki séð, að hann væri að gera neitt af sér. Hafi lögregluþjónarnir þá ætlað að taka þá, en þeir snúizt til varnar. Kveðst Arnar hafa átt í einhverjum stimpingum við annan lögregluþjóninn og minnir, að hann félli í götuna, enda hafi lögregluþjóninn rekið fingurinn upp í augað á honum. Að öðru leyti kveðst hann lítið geta sagt um það, sem fram fór þarna, og ekkert getur hann borið um viðureign Gísla Sveinbjörns og hins lögregluþjónsins. Ákærði Arnar segir, að eftir nokkra viðureign hafi þeir Gísli farið um borð, og hafi þeir fengið að ganga lausir, en lögregluþjónn fylgt þeim. Arnar kveðst hafa hrufllazt lítið eitt á hendi, og eymsli hafi verið í öðru auga og hvítan lítils háttar rauð.

Ákærði Gísli Sveinbjörn segir, að er lögregluþjónarnir sögðu þeim félögum að koma sér burt, hafi þeir neitað, víst af einhverri stríðni við lögregluþjónana. Hafi lögregluþjónarnir þá báðir tekið í Arnar og fært hann niður af tröppunum. Kveðst Gísli hafa boðizt til að fara með Arnar, en því hafi ekki verið sinnt. Hafi nú Jón Finnsson snúizt gegn honum. Kveðst Gísli hafa hörfað afturábak og þá hrasað um stein. Jón hafi ætlað að kasta sér ofan á hann, en ákærði kveðst hafa sparkað honum frá sér. Nú hafi verið þarna kominn að óeinkennisklæddur maður, er hafi blandað sér í viðskipti þessi og tekið ákærða haustaki aftan frá, en ákærði kveðst hafa getað losað sig. Kveðst ákærði Gísli nú hafa

slegið Jón Finnsson eitt höfuðhögg og hafi Jón fallið af því. Ákærði kveðst aðeins hafa slegið hann þetta eina höfuðhögg, en vera megi, að hann hafi áður verið búinn að slá hann eitthvað í skrokkinn. Nú kveðst ákærði Gísli hafa séð, að Halldór Jónmundsson hafi legið ofan á Arnari, og hafi Arnar hljóðað upp. Kveðst Gísli hafa gengið þangað og sett fótinn í Halldór til að velta honum ofan af Arnari. Hafi spark þetta komið í rass Halldóri, en eigi höfuð, svo sem Halldór hefur haldið fram, sbr. síðar. Arnar hafi nú getað staðið upp. Hafi nú eigi orðið meira úr átökum. Hafi þeir Arnar farið góðfúslega um borð, enda hafi Halldór fallið á það.

Vitnið Halldór Jónmundsson lögregluþjónn segist hafa komið að skólalúsinu með Jóni Kristni Finnssyni. Kveðst Halldór hafa sagt ákærðu að fara frá dyrunum, en Arnar hafi orðið fyrir svörum og sagt, að þeir mættu vera, þeir hefðu ekkert gert. Kveðst Halldór hafa lagt hönd á öxl Arnari og sagt: Við skulum koma frá dyrunum. Um leið hafi Gísli Sveinbjörn kallað: Láttu hann ekki ná höndunum aftur fyrir bakið á þér. Arnar hafi þá ætlað að losa sig, en Halldór kveðst þá hafa dregið hann frá dyrunum með aðstoð Jóns. Hafi Gísli þá ráðizt að þeim, og hafi Jón lögregluþjónn snúizt gegn honum svo og Jón Jóhannsson innheimtumaður, sem kominn hafi verið á vettvang. Arnar hafi nú kallað á Gísla sér til hjálpar og hafi Gísli æstst mjög við það. Kveðst Halldór hafa séð, að Gísli hafi reynt að berja þá Jónana á víxl. Hafi nú Arnar ætlað að slíta sig lausan, en Halldór kveðst þá hafa dregið hann frá og skellt honum í götuna og haldið honum þar. Kveðst Halldór hafa séð til Gísla, er hann átti í höggi við Jónana, og að Jón Finnsson féll í götuna fyrir höggum Gísla. Hafi Gísli komið síðan að, þangað sem Halldór hélt Arnari í götunni, og sparkað til hans (Halldórs). Kveðst Halldór hafa undið höfðinu til, svo að lítið hafi orðið úr sparkinu, en þó hafi fótur hans lent á kinnbeininu á sér og sprungið fyrir. Kveðst Halldór þá hafa sleppt Arnari og snúizt gegn Gísla, sem reynt hafi hvað eftir annað að slá sig. Kveðst hann hafa hrakið ákærðu báða undan sér, og hafi Gísli fallið í götuna í átökum þessum. Hafi Gísli loks spurt, hvort þeir félagar mættu ekki fara um borð, og kveðst Halldór hafa fallið á það og fylgt þeim síðan báðum til skips.

Vitnið Jón Kristinn Finnsson segir, að þeir lögregluþjónnarnir hafi sagt þeim Arnari og Gísla að fara frá skóladyrunum, en þeir hafi neitað því. Þá hafi þeir tekið í Arnar og dregið hann frá dyrunum, en hann sýnt fyllsta mótþróa. Gísli hafi kallað til Arnars: Láttu þá ekki snúa upp á handlegginn á þér. Gísli hafi

síðan ráðizt að sér og reynt að slá sig. Kveðst Jón hafa kallað til Jóns Jóhannssonar, sem verið hafi þarna hjá þeim, og beðið hann að aðstoða sig, og hafi þeir síðan saman reynt að handsama Gísla. Hafi Gísli verið óður og ofsafenginn og reynt að slá sig (þ. e. Jón Finnsson) og haft í hótunum, að hann skyldi rota hann og þótt fleiri væru. Hafi Gísli virzt mjög harðskeyttur og æfður slagsmálamaður. Gísli hafi fallið einu sinni, og kveðst Jón (Finnsson) þá hafa reynt að taka hann hálstaki, en Gísli hafi rifið sig lausan. Jón segir, að eftir þetta hafi hann komið á sig miklu höfuðhöggi, svo að sig hafi svimað. Hafi hann þá slegið sig mörg högg í andlitið. Kveðst Jón þá sem snöggvast hafa hniگیð niður, en staðið upp aftur og farið þá að dyrum skólans, enda hafi hann fundið, að hann gæti ekki meira að gert. Var Jóni síðan hleypt inn í skólann og kallað á lækni, er kom og fór með Jón í sjúkrahús.

Vitnið Jón Ágúst Jóhannsson kveðst hafa átt leið fram hjá skólanum og séð þá tvo menn standa við dyrnar, en ekki sá hann, að þeir hefðust neitt að. Jón gekk spölkorn áfram, en snéri þá við. Er hann kom að dyrunum aftur, voru lögregluþjónarnir komnir og voru að biðja mennina að fara frá dyrunum. Þeir hafi ekki gert það, og hafi Halldór þá tekið í ákærða Arnar, annan áður nefndra manna, og ætlað að leiða hann frá dyrunum, en hann hafi snúizt til varnar. Hafi orðið tusk milli þeirra, er hafi endað með því, að Halldór hafi snúið Arnar niður við lögreglubifreiðina. Á meðan hafi Jón Finnsson ætlað að handsama Gísla, en hann hafi snúizt til varnar og slegið Jón þungt höfuðhögg. Jón hafi þá kallað á aðstoð. Kveðst Jón Jóhannsson þá hafa hlaupið til og náð haustaki á Gísla, en ekki tekizt að halda honum. Hafi hann gert þrjár atrennur til að berja sig, en ekki tekizt. Hann hafi þá snúizt enn gegn Jóni Finnssyni. Jón Jóhannsson kveðst nú hafa litið til, þangað sem Halldór átti í átökum við Arnar, en er hann hafi litið á ný til þeirra Arnars, hafi hann séð, að Jón Finnsson var að rísa á fætur, meiddur og greinilega miður sín. Hafi allmikið blætt úr andliti hans. Kveðst Jón hafa gengið með honum að dyrum skólans og barið að dyrum. Jón Jóhannsson kvaðst nú hafa séð, að Halldór og ákærðu báðir voru komnir út á götu, og voru ekki veruleg átök milli þeirra. Jón Jóhannsson fór nú til að hringja til yfirlögregluþjónsins og biðja um frekari aðstoð.

Vitnið Finnur Magnússon kaupmaður, Hafnarstræti 8, Ísafirði, kveðst umrædda nótt hafa séð út um glugga á íbúð sinni, að tveir menn stóðu við dyr Gagnfræðaskólans og voru að reyna að komast inn. Voru þeir með köll og börðu í hurðina. Nokkru síðar sá Finnur, að lögreglubifreið kom á vettvang. Fór hann þá út til

að kanna, hvað um væri að vera, og gekk að skólanum. Kvaðst hann þá hafa séð, að ryskingar fóru fram á milli áðurnefndra tveggja manna og lögreglumannanna. Er hann nálgast, kveðst hann hafa séð, að annar mannanna sló Jón Finnsson hnefahögg í andlitið, svo að Jón féll til jarðar. Finnur segir, að maður þessi hafi látið mjög ófriðlega, æpt og gargað og verið með hótanir um frekari barsmíðar, ef félagi hans væri ekki sleppt. Hafi hann síðan ráðizt að Halldóri Jónmundssyni, svo að hann hafi orðið að sleppa manni, er hann var með. Hafi mennirnir síðan báðir sótt með barsmíðum að Halldóri, en hann varizt þeim. Loks hafi annar boðizt til að fara um borð í togarann og taka félagi sinn með og hafi Halldór samþykkt þetta, og þeir síðan farið allir þrír áleiðis til skips. Ekki segir Finnur, að sér hafi virzt menn þessir mikið drukknir.

Vitnið Sigurður Jakobsson sjómaður kveðst hafa komið á vettvang og séð þá, að Jón Finnsson og Halldór áttu í ryskingum þarna við tvo menn, og var annar Arnar Guðmundsson, en hinn þekkti vitnið ekki. Sigurður segir, að þeir hafi verið með hávaða og köll. Hann kveðst ekki hafa séð greinilega, hvað fram fór, en hafa séð, að Jón Finnsson féll í götuna. Rétt á eftir hafi mennirnir gengið niður á bryggju í fylgd með Halldóri Jónmundssyni. Sigurður kveðst hafa heyrt, að Arnar kvartaði yfir því við Halldór, að hann ræki fingurna upp í augað á sér. Sigurður segir, að sér hafi virzt ákærðu báðir mjög ölvaðir, einkum Arnar.

Vitnið Jens Steindórsson bifreiðarstjóri kveðst hafa komið að Gagnfræðaskólanum í umrætt skipti og séð þá Jón Finnsson, Jón Jóhannsson og Halldór Jónmundsson í átökum við tvo menn. Hafi Halldór legið ofan á öðrum þeirra, en Jónarnir verið að fást við hinn. Hafi leikurinn borizt fram fyrir lögreglubifreiðina og hafi Jón Finnsson fallið þar í götuna, en eigi getur Jens sagt um það, hvernig það hafi atvikazt. Jón Finnsson hafi nú farið að skóladyrunum, en Halldór hafi síðan lent í einhverjum ryskingum við mennina báða, en svo hafi farið, að mennirnir hafi báðir haldið til skips ásamt Halldóri.

Vitnið Guðjón Kristinsson skólastjóri kveðst hafa verið staddur í skólanum í umrætt skipti. Um kl. hálféitt hafi verið kallað á hann, vegna þess að menn voru komnir að dyrunum, er vildu komast inn. Kveðst Guðjón hafa lokað dyrunum. Nokkru síðar hafi tvær stúlkur ætlað að fara burt, en ekki þorað það vegna mannanna. Kveðst Guðjón þá hafa beðið mennina að fara frá húsinu, en þeir hafi sagzt ætla að vera þarna. Þá kveðst hann hafa farið upp á efri hæð hússins, þar sem skemmtunin hafi verið.

Nokkru síðar hafi verið kallað í hann og sagt, að mennirnir væru farnir að berja í rúðuna í hurðinni, og er hann hafi farið niður, hafi hann séð, að maður var í sífellu að berja höfðinu í rúðuna. Þá kveðst hann hafa farið og kvatt til lögreglu. Eftir skamma stund hafi lögreglumennirnir komið. Hann kveðst nú hafa séð, að miklar ryskingar urðu milli lögregluþjónanna og mannanna við dyrnar, en ekki hafi hann fylgt greinilega með þeim, en lögregluþjónarnir hafi frekar virzt fara halloka. Þá kveðst hann hafa hringt til yfirlögregluþjónsins, Guðmundar Kristins Helgasonar, til að tjá honum, hvað um væri að vera. Síðan kveðst hann hafa farið inn í kennarastofu til að fá kennara, er þar voru, til að veita aðstoð, en í sömu svifum hafi verið komið með Jón Finnsson slasáðan þangað inn. Guðjón segir, að rúða í útidyrnum hafi verið brotin í umrætt skipti.

Vitnið Magnús Sveinsson kennari var staddur í kennarastofu Gagnfræðaskólans í umrætt skipti. Hann kveðst hafa einhverju sinni heyrt, að rúða brotnaði. Hann kveðst hafa litið út um gluggann, eftir að lögreglumenn voru komnir á vettvang, og séð þá tvo menn, liggjandi á götunni, annan ofan á hinum. Nánar getur hann ekki lýst atvikum.

Vitnið Guðmundur Kristinn Helgason yfirlögregluþjónn kom ekki á vettvang, fyrr en átökin voru um garð gengin og ákærðu farnir til skips. Guðmundur Kristinn kveðst hafa farið niður á bryggju og mætt þá Halldóri, og hafi hann verið mjög móður, blóðugur í andliti og berhöfðaður. Guðmundur Kristinn fór um borð og átti tal við ákærðu. Virtist honum Arnar allólvaður, en Gísli lítt.

Fjórir nemendur úr Gagnfræðaskólanum, er voru í anddyri hússins, er þessir atburðir gerðust, hafa komið fyrir dóm. Vitnið Guðbjörn Charles segir, að hann hafi um skeið verið við dyravörzlu. Hafi þá tveir menn verið utan við dyrnar, sá minni hafi barið með höfðinu í rúðuna í dyrunum öðru hverju, en hinn barið í hurðina með hnefunum. Átökin, sem urðu utan við dyrnar, sá Guðbjörn ekki, því að þá var hann kominn upp á loft. Bragi Ólafsson segist hafa verið þarna við dyravörzlu um stund, og hafi þá verið tveir menn utan við dyrnar og annar þeirra, sá minni, verið að dangla með höfðinu í rúðuna í hurðinni. Garðar Einarsson segist hafa verið við dyrnar og hafi þá tveir menn verið fyrir utan og hafi hinn minni þeirra danglað höfðinu í rúðuna í dyrunum, unz hún brotnaði. Er lögreglumenn komu að dyrunum, hafi hann þrjúzkast við að fara og lögregluþjónarnir þá leitt hann burt. Frá átökunum, er síðar urðu, kann Garðar ekki að greina. Jökull Arngeir Guðmundsson segist hafa verið þarna við dyrnar. Hafi

tveir menn verið að knýja dyra og beiðast inngöngu, og hafi skólastjórinn tvisvar talað við þá og synjað þeim inngöngu. Eftir þetta hafi þeir verið að berja á dyrnar, og annar hafi barið með höfðinu í rúðuna, unz hún brotnaði. Lögreglan hafi síðan komið. Jökull kveðst ekki hafa fylgzt með átökum þeirra við mennina, en eftir nokkra stund hafi Jón Finnsson komið að dyrunum og blæddi úr andliti hans.

Loks skal greint frá vætti Hálfðans Kristjáns Jóns Hermannssonar nemanda, 16 ára að aldri. Hann kveðst hafa farið út úr húsinu um kl. 1 og skotizt heim til sín. Er hann fór, hafi 4 menn verið við dyrnar og verið að beiðast inngöngu, en ekki hafi þeir verið með neinn hávaða. Eftir ca. hálf tíma kveðst Hálfðan hafa komið aftur að dyrunum. Hafi þá tveir mannanna verið þar eftir. Búið hafi verið að brjóta rúðuna í dyrunum. Nú hafi komið tveir lögregluþjónar, gengið til mannanna og beðið þá að fara burt. Annar hafi farið ofan af tröppunum, en hinn verið kyrr, en lögregluþjónarnir hafi þá tekið hvor í sinn handlegg honum og ýtt honum fram af tröppunum. Hinn maðurinn hafi þá heimtað, að féлага sínum yrði sleppt, og um leið þrifið í Jón Finnsson. Hafi Jón ætlað að handsama mann þenna, en ekki tekizt. Hafi hann slegið Jón, að því er virtist í magann, en síðan rokið í Halldór Jónmundsson. Maðurinn, sem Halldór hafi haldið, hafi þá gripið til Jóns Finnssonar og slegið hann síðan mörg högg í andlitið, en Halldór hafi þá verið búinn að leggja hinn til jarðar. Sá, sem slegið hefði Jón, hafi þá komið og velt Halldóri ofan af féлага sínum, svo að hann hafi orðið laus, en Halldór hafi þá snúizt gegn þessum manni og komið honum í götuna. Hafi nú orðið frekari ryskingar, er Jón Finnsson hafi tekið þátt í. Sá, sem Halldór hafi fyrst fellt, en losnað, sem frá var greint, hafi nú hlaupið þar að, sem Halldór hélt hinum manninum niðri, og stigið ofan á hnakka Halldórs, að því er virtist, og við það hafi hann misst takið á þeim, er hann hélt. Jón Finnsson hafi reynt að taka hinn manninn hálstaki, en það misheppnast. Jón Jóhannsson hafi komið honum til hjálpar, en maðurinn slegið til hans, og hann þá farið burt, en síðan hafi maðurinn slegið Jón Finnsson niður.

Framburður þessi er í verulegu ósamræmi við bæði framburði ákærðu, lögregluþjónanna og allra sjónarvotta. Af honum er helzt að ráða, að Arnar hafi slegið Jón Finnsson mörg högg í andlitið og að því búnu komið til hjálpar Gísla, er Halldór hafi haldið, áður en til átaka kom milli Gísla og Jónanna. Halldór Jónmundsson hefur sérstaklega verið prófaður af nýju með hliðsjón af vætti

Hálfðans. Fullyrðir hann, að Arnar hafi aldrei slegið Jón Finnsson, enda kveðst Halldór ekki hafa sleppt tókum á Arnari. Rangt sé og, að Gísli hafi stigið ofan á hnakkann á sér. Jón Jóhannsson hefur einnig við frekari próf haldið við fyrri framburð og kveðst eigi hafa orðið var við, að Arnar slægi Halldór. Verður eigi lagt upp úr vætti Hálfðans að því leyti, er á milli ber við annað það, er fram hefur komið.

Halldór Jónmundsson kveðst hafa bólgnað lítið eitt á hægra kinnbeini og rispazt. Ekki kveðst hann hafa þurft að leita læknis.

Úlfur Gunnarsson, yfirlæknir á sjúkrahúsi Ísafjarðar, vottar í vottorði, dags. 10. desember 1954, um áverka Jóns Finnssonar:

„Herra lögregluþjónn Jón Finnsson, Ísafirði, hefur verið í læknismeðferð hjá mér síðan 30. nóvember síðastliðinn vegna áverka, sem hann varð fyrir í starfi sínu.

Jón Finnsson hlaut eftirtalin meiðsli.

- 1) léttari heilahristing (commotio cerebri 1. g.)
- 2) brot á nefbeini (fract. os. nasal.)
- 3) brot á efri kjálka (fract. maxillae sin.)
- 4) blæðing á bæði augu (hæmorrhagia subconjunctivale bilat.)
- 5) mar í kringum bæði augu (hæmatoma orbitae sin.)
- 6) sennilega brot á v. augnahafti (fract. orbitae sin.)

Jón Finnsson hefur verið rúmliggjandi allþjáður, síðan hann hlaut nefnd meiðsli, og mun vera óvinnufær fyrst um sinn, en sennilega ekki fá varanleg örkuml“.

Samkvæmt vottorði Úlfs, dags. 21. febrúar, var Jón að mestu rúmliggjandi fram að áramótum. Þjáður af verkjum og svima. Um áramót fór hann að hafa fótavist og fara svolítið út. Kvartaði hann mjög um svefnleysi. Úlfur kveðst hafa átt mörg samtöl við hann um þessar mundir, og hafi Jón verið vantrúaður á, að hann mundi fá bata, og komið fram vonleysi um, að hann mundi framvegis geta leyst starf sitt af hendi, en hann hafi virzt fullkomlega andlega heilbrigður og ekki áberandi þunglyndur. Um morguninn 9. janúar s.l. kom kona Jóns að máli við Úlf og fékk hjá honum lyfseðil upp á svefnlyf, enda kvað hún Jón ekki hafa sofið dúr í 2—3 nætur.

Sama dag eftir hádegi fannst Jón örendur í lögreglustöðinni. Hafði hann ráðið sér bana með riffilskoti í höfuð.

Segir svo í niðurlagi vottorðs Úlfs Gunnarssonar:

„Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, hefur eitthvað borið á þunglyndi í móðurætt Jóns Finnssonar, og móðir hans og 1 móðurbróðir höfðu orðið geðveik. Hann sjálfur hefur alltaf verið rólegur og sérstaklega samvirkusamur og stundum

látið smámuni á sig fá, og samræmist það viðkynningu minni af honum.

Trauðla verður fram hjá því gengið að álíta, að áverki sá, sem Jón varð fyrir 30. nóvember síðastliðinn, hafi verið þess valdandi, að hann missti svefn og á hann sótti þunglyndi, sem honum hefur reynzt það þungbært, að hann framdi sjálfsmorð“.

Skal nú greint, hvert refsivert atferli telst sannað á hina ákærðu og við hver lagaákvæði varði.

Ákærði Arnar Guðmundsson.

Ákærði Arnar kveðst hafa verið mjög ölvaður og muna lítið, hvað gerðist. Vitni telja hann allmjög drukkinn. Sannað er, að hann hafi barið í sífellu á dyr Gagnfræðaskólans og að hann hafi brotið rúðu í dyrum skólans. Með nefndu háttarni hefur hann gerzt brotlegur við 21. sbr. 44. gr. áfengisлага nr. 58/1954 og 1. mgr. 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 12/1949. Er lögreglumaður ætlaði að handtaka hann, snerist hann til varnar og lenti í átökum við hann. Þykir sannað, að hann hafi sýnt virka mótstöðu gegn lögreglumanninum og beitt hann ofbeldi. Hefur hann þannig gerzt brotlegur við 1. mgr. 106. gr. almennta hegningarlaga.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 15 daga, en fresta þykir mega refsingunni þannig, að hún falli niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dómsins, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ekki þykir Arnar hafa unnið til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Gísli Sveinbjörn Magnússon.

Ekki hefur það fram komið, að ákærði Gísli Sveinbjörn hafi verið hneykslanlega eða áberandi ölvaður. Fram hefur hins vegar komið, að hann olli ónæði við dyr Gagnfræðaskólans, og hefur hann því brotið gegn 1. mgr. 4. gr. lögreglusamþykktar nr. 12/1949. Þá er sannað, að þegar lögreglumennirnir báðu þá féлага að fara frá dyrunum, neitaði hann því, og er lögreglumenn ætluðu að færa þá burt, snerist hann til varnar, réðst síðan bæði að Jóni Kristni Finnssyni og Jóni Ágúst Jóhannssyni með barsmíðum og sló Jón Kristin loks til jarðar. Hlaut hann af völdum ákærða Gísla mjög stórfellt lemstur, sbr. vottorð Læknis. Enn fremur er sannað, að eftir þetta réðst Gísli að Halldóri Jónmundssyni lögreglumanni, er hélt ákærða Arnari í götunni, og sparkaði í hann, svo að Halldór varð að sleppa Arnari. Ekki hefur komið fram, að

lögreglumennirnir hafi farið að neinu leyti harkalega að ákærða í upphafi. Hefur ákærði Gísli Sveinbjörn samkvæmt þessu gerzt sekur um stórfelld brot gegn 1. mgr. 106. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga. Tæma ákvæði þessi sök ákærða, svo að eigi verður hann talinn hafa brotið gegn lögreglusamþykkt, þótt hann fremdi líkamsárásir þessar á almannafæri.

Þykir refsing ákærða Gísla Sveinbjörns hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði. Svipta ber hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940.

Þá ber að dæma hina ákærðu til að greiða sakarkostnað. Greiði hvor ákærðu málsvarnarlaun verjanda síns, ákærði Arnar Gísla Einarssyni héraðsdómslögmanni og ákærði Gísli Sveinbjörn Þorvaldi Þórarinssyni héraðsdómslögmanni. Ákveðast málsvarnarlaun 1200 kr. til hvors. Um greiðslu annars kostnaðar, þar á meðal málssóknarlauna skipaðs sækjanda, Sigurgeirs Jónssonar héraðsdómslögmanns, 1200 kr., fari svo, að ákærði Gísli einn greiði helming, en hinn helminginn ákærðu báðir in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Arnar Guðmundsson sæti varðhaldi 15 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, verður haldið.

Ákærði Gísli Sveinbjörn Magnússon sæti fangelsi 10 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Arnar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1200.00, og Gísli Sveinbjörn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1200.00. Annan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Sigurgeirs Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1200.00, greiði Gísli Sveinbjörn einn að hálfu, en ákærðu in solidum að hálfu.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.